

Reykjavík, 3. júlí 2018

Samkomulag um sátt vegna brots Stapa lífeyrissjóðs á 1. mgr. 86. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti

Hinn 9. maí 2018 gerðu Fjármálaeftirlitið og Stapi lífeyrissjóður, hér eftir nefndur málsaðili, með sér samkomulag um að ljúka með sátt máli vegna brots á 1. mgr. 86. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.).

Meginatriði samkomulagsins eru sem hér segir:

Málsaðili viðurkennir að hafa brotið gegn 1. mgr. 86. gr. vvl. með því að hafa láðst að tilkynna um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar í Högum hf. innan lögbundins tímafrests.

Málsaðili fellst á að greiða sekt að fjárhæð 1.600.000 krónur.

Málsaðili staðfestir að hann hafi upplýst að fullu um málsatvik sem samkomulag þetta varðar.

Málsatvik

Í víðskiptum sem málsaðili átti með hluti í Högum hf. hinn 11. janúar 2018 fór eignarhlutur hans úr 4,75% í 5,04%. Málsaðili sendi tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins og regluvarðar Haga hf. þann 19. janúar 2018 þegar honum varð ljóst að flöggunarskylda hefði stofnast með víðskiptunum þann 11. janúar 2018 þar sem málsaðili fór yfir 5% eignarhlut í Högum hf. Ástæða þess að tilkynning um víðskiptin var ekki send innan lögbundins frests var villa í upplýsingum um eignarhlut málsaðila í Högum hf. Málsaðili óskaði eftir að ljúka málinu með sátt.

Lagagrundvöllur

Eigandi, sem aflar eða ráðstafar hlutum í útgefanda hlutabréfa sem tekin hafa verið til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, skal senda með sannanlegum hætti tilkynningu til viðkomandi útgefanda og Fjármálaeftirlitsins ef öflunin eða ráðstöfunin leiðir af sér að atkvæðisréttur nær, hækkar yfir eða lækkar niður fyrir eitthvert eftirtalinna marka: 5, 10, 15, 20, 25, 30, 35, 40, 50, 66 2/3 og 90%, samkvæmt 1. mgr. 78. gr. vvl. Tilkynninguna skal senda eins fljótt og auðið er og eigi síðar en næsta víðskiptadag eftir að flöggunarskylda stofnaðist, samkvæmt 1. mgr. 86. gr. vvl.

Brot á 86. gr. vvl. getur varðað stjórnvaldssektum, sbr. 20. tölul. 1. mgr. 141. gr. vvl. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 500.000 krónum til 800.000.000 króna, en geta þó verið hærri eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi lögaðilans eða 10% af síðasta samþykktu samstæðureikningi að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum, sbr. 3. mgr. 141. gr. laganna.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum vegna brota á 86. gr. laganna með sátt enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við, sbr. 142. gr. laganna og reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

Sektarfjárhæð

Sektarfjárhæð er ákvörðuð í samræmi við reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt. Samkvæmt reglunum er miðað við að sektarfjárhæð sé hlutfallslega lægri en sem ætla má að fjárhæð stjórnvaldssektar gæti numið að teknu tilliti til mögulegra þyngingar- og mildunarsjónarmiða auk þess sem litið er til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar því er lokið með sátt.

Samkvæmt 4. mgr. 141. gr. vvl. skal, við ákvörðun sekta, m.a. tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. alvarleika brots, hvað brotið hefur staðið yfir lengi, ábyrgðar hins brotlega hjá lögaðilanum, fjárhagsstöðu hins brotlega, ávinnings af broti eða taps sem forðað er með broti, hvort brot hafi leitt til taps þriðja aðila, hvers konar mögulegra kerfislegra áhrifa brotsins, samstarfsvilja hins brotlega, fyrri brota og hvort um ítrekað brot sé að ræða.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar í máli þessu hefur Fjármálaeftirlitið litið til mikilvægis flöggunartilkynninga en þeim er ætlað að treysta gagnsæi fjármálamarkaðar með því að upplýsa um breytingar á verulegum hlut atkvæðisréttar eiganda í útgefendum. Flöggunartilkynningar stuðla að vitneskju um hverjir það eru sem ráða yfir verulegum atkvæðisrétti í útgefandanum og eru líklegir til að hafa áhrif á stjórnun þeirra. Sektarfjárhæðin tók mið af flokkun löggjafans á alvarleika brotsins. Einnig var tekið mið af því að málsaðili hefur ekki á síðustu fimm árum gerst brotlegur við ákvæði laga um verðbréfavíðskipti.

Með hliðsjón af eðli og umfangi brots, atvikum máls að öðru leyti og að teknu tilliti til þess að málinu er lokið með sátt við upphaf athugunar er sektarfjárhæð talin hæfilega ákveðin 1.600.000 krónur.

Réttaráhrif

Samkomulag þetta er gert á grundvelli 142. gr. vvl. og reglna nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

Samkomulagið er bindandi fyrir málsaðila og Fjármálaeftirlitið þegar báðir aðilar hafa samþykkt og staðfest efni þess með undirskrift sinni. Við greiðslu sektarfjárhæðar er málinu lokið.

Málsaðili brýtur gegn samkomulaginu ef hann t.d. greiðir ekki umsamda sektarfjárhæð, gaf rangar upplýsingar um málsatvik eða leyndi upplýsingum sem máli skipta. Verði málsaðili uppvís af því að brjóta gegn samkomulaginu getur Fjármálaeftirlitið fellt það úr gildi og tekið málið til meðferðar á ný. Brot gegn samkomulagi um sátt telst jafnframt sjálfstætt brot sem getur varðað stjórnvaldssekt.